

Allsherjar og menntamálanefnd

Alþingi

Reykjavík, 13. apríl 2023

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 50/2016 (sameining héraðsdómstólanna). Þingskjal 1395 – 893. mál

Laganefnd Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) vísar til umsagnar um frumvarpsdrög sama efnis sem sent var til Dómsmálaráðuneytis í gegnum samráðsgátt stjórnarráðsins. Umsögnin var dagsett 20. febrúar sl.

Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir Allsherjar og menntamálanefnd er fjallað um fyrrgreinda umsögn laganefndar á blaðsíðum 23 – 24. Virðist sem tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda sem laganefnd hafði fram að færa við endanlega útfærslu frumvarpsins.

Laganefnd hefur því ekki frekari athugasemdir og ítrekar ánægju með frumvarpið og telur að þær efnisbreytingar sem það felur í sér séu til þess fallnar að styrkja málsmeðferð á héraðsdómsstiginu og auka skilvirkni í dómsskerfinu.

Laganefnd leggur skv. þessu til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ

Þyrí Steingrímsdóttir, lögmaður